



24. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Mánudagur 20. janúar 2025 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Birna Lárusdóttir varaformaður (BL), Lárus Blöndal annar varaformaður (LB), Guðrún Kristmundsdóttir gjaldkeri (GK), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Herbert Arnarson (HA), Einar Hannesson (EH), og Ágúst Angantýsson (ÁA).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

Forföll boðaði: Jón Bender (JB)

HSJ ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt og komin á kki.is.

2. Yfirferð framkvæmdastjóra á málum frá síðasta stjórnarfund

Farið var yfir úthlutun úr afrekssjóði ÍSÍ sem kynnt var um miðjan desember. KKÍ fékk 39,2 milljónir sem er hækkun um 5 milljónir. Það er í vinnslu innan ÍSÍ hvernig nýjum 637 milljónum sem ríkisvaldið kemur með í afreksstarfið verði úthlutað en þetta mun fara í afreksstarf sérsambanda, greiða niður kostnað yngri landsliða, afreksíþróttamiðstöð og launasjóð íþróttamanna/þjálfara. Stefnt að því að klára hlut sérsambanda í byrjun febrúar.

Farið yfir stöðuna á ársreikningi 2024 og áætlun 2025.

Farið yfir málefni FIBA og FIBA Europe.

3. AI (gervigreind)/leikgreiningu/OTT platform

Áframhald á umræðum frá síðasta fundi og farið yfir minnisblað frá HSJ. Góðar umræður og samþykkt að vinna eftir því sem fram kom á minnisblaði.

4. Körfuknattleiksþing 15. mars á Grand Hótel

GNE tilkynnti að hún hafi tekið þá ákvörðun að gefa ekki kost á sér til formanns á komandi þingi. Hefur verið í stjórn frá 2004, lengstum varaformaður og formaður fra 2023.

Þingið verður á Grand Hótel.

5. Formannafundur 25. janúar

Farið yfir dagskrá og málefni formannafundar.

6. Önnur mál/til upplýsinga

Næsti fundur mánudaginn 17. febrúar 2025 kl. 17:00.

Fundi slitið 19:05